



Verklýsing fyrir Expomesh trefjanetskerfi frá Weber með Skröpuðu , hraunuðu eða steinuðu yfirborði.

Múrkerfi:

Einangrað skal undir múrkerfið með EPS einangrunarplötum, stærð 120x60 cm 50-100mm þykkar. Þær skulu hafa eðlismassa minnst 24 kg/ á rúmmetra. Plöturnar skulu skarast á vegg og í hornum við uppsetningu og skal þessi liður sérstaklega vandaður og unnin samkvæmt nánari lýsingu frá Weber. Þær skulu festar upp með múrtöppum úr nælonefni (TB115-TB155) og skal rekin stálnagli inni þá til festingar með plastkápu sem hinrar kuldabré . Múrtappinn skal ná 50mm inni steinvegginn bakvið einangrun og skulu vera að meðaltali 8 festingar á fermetra.

Trefjanetið skal vera fínriðið kemur í 1m breiðum rúllum 50m að lengd frá Weber og er amk 160 g/m². Einnig er til Heavy duty net sem er þá sett undir hefðbundna netið til að auka höggstyrk. Netið skal skarast um 100mm á samskeytum .

Á hornum skal til styrkingar setja hornlista úr plasti 10-12mm (CB10) og skulu þau heillímd í undirmúrinn (Weber.rend LAC). Hann skal koma tilbúinn blandaður sem þurrefni, vera sementsbundinn og hannaður sem hluti af heilu múrkerfi. Undirmúrinn er dreginn uppá einangrunarplastið eða honum sprautað með dælu ca 3mm þykkur. Því næst er trefjanetinu smurt í hann og annað 3mm lag dregið yfir. Endanleg þykkt á undirmúr skal vera ca 6mm og er áætlað magn 6,5kg per fm.

Setja skal sérstakar styrkingar við öll úthorn á gluggum og hurðum úr trefjaneti c.a.30x30cm í blautan undirmúrinn. Áður enn undirmúrinn þornar er hann ýfður upp með tindahrífu lárétt til að fá örugga bindingu fyrir yfirmúrinn.

Áður en yfirmúrinn er settur skal undirmúrinn vera orðinn minnst 48 klst gamall við góðar þurrkaðstæður. Yfirmúrinn (Weber M1) skal vera 6-8mm þykkur, sementsbundin þússning eða steiningarlím og er áætlað magn frá 10kg per fm . Hann skal vera hannaður sem hluti af heilu múrkerfi. Hann skal hafa hefðbundið skrapað yfirborð sem myndar slétta áferð og er dreginn uppá undirmúrinn eða honum sprautað. Þegar múrinn hefur þornað nægilega mikið er hann skafinn til og skrapaður með sérstökum gaddabrettum (scraped texture)

Einnig er hægt að sprauta múrnum yfir slétta yfirlagið og búa til hraunáferð (roughcast) eða sprauta honum á , slétta úr honum og kasta í hann steiningarsalla.